

Beiðni
um mat á hættu sökum mengunar, vinnuaðferða eða vinnuskilyrða
vegna öryggis og heilbrigðis þungaðs starfsmanns eða
starfsmanns sem hefur barn á brjósti.

Með vísan til 11. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 931/2000 fer ég undirrituð þess hér með á leit, að metin verði áhætta fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif þeirra áhættu á mig vegna starfs míns.

Nafn starfsmanns: _____

Heimili: _____

Kennitala: _____

Ég er þunguð og fyrirhugaður fæðingardagur barns er _____

Ég ól barn þann _____

Ég hef á brjósti barn sem fætt var þann _____

Vinnuveitandi: _____

Vinnustaður: _____

Starf: _____

Niðurstöður matsins óskast tilkynntar undirritaðri svo fljótt sem við verður komið og jafnframt til hvaða ráðstafana, ef einhverra, vinnuveitandi hyggst grípa.

Staður og dagsetning: _____

Undirritun starfsmanns: _____

Beiðni móttekin þann: _____

Undirritun móttakanda: _____

Skýringar við beiðni um mat á hættu vegna öryggis og heilbrigðis þungaðs starfsmanns

11. gr. laga nr. 95/2000:

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur.

Þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu, sbr. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á hún rétt á greiðslum, sbr. 13. gr

3. gr. reglugerðar nr. 931/2000

Mat og upplýsingar.

Þegar störf geta haft í för með sér hættu sakir mengunar, vinnuaðferða eða vinnuskilyrða, sbr. skrá í I. viðauka, skal vinnuveitandi eða þjónustuaðili á sviði vinnuverndar og forvarna, samkvæmt ósk vinnuveitanda, meta eðli hættunnar fyrir starfsmenn sbr. 2. gr. á hlutaðeigandi vinnustað, umfang hennar og hve lengi hún stendur yfir svo unnt sé að:

- a. meta áhættu fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif á þungaða starfsmenn eða starfsmenn sem hafa barn á brjósti,
- b. taka ákvörðun um ráðstafanir.

Vinnuveitandi skal greina starfsmönnum í skilningi 2. gr. og starfsmönnum sem líklegt er að lendi í slíkum aðstæðum á hlutaðeigandi vinnustað og/eða fulltrúum þeirra frá niðurstöðum mats samkvæmt 1. mgr. án tafar eftir að þær liggja fyrir og frá öllum ráðstöfunum er snerta öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Leiðbeiningarreglur sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út um mat á efnafræðilegum, eðlisfræðilegum og líffræðilegum skaðvöldum og vinnsluaðferðum sem talið er að hafi hættu í för með sér fyrir starfsmenn í skilningi 2. gr. skulu vera til leiðbeiningar við mat samkvæmt 1. mgr.